

307. fundur Skólanefndar FS

8. mars 2011



Mættir: Kristbjörn Albertsson formaður, Ingimundur Þ. Guðnason, Fanney D. Halldórsdóttir, Hjálmar Árnason áheyrnarfulltrúarnir Gunnar Valdimarsson og Andri Þór Ólafsson og Kristján Ásmundsson skólameistari.

Formaður setti fund og síðan var gengið til dagskrár.

Dagskrá:

1. Fréttir af vorkundi.
2. Skólasamningur.
3. Útboðsmál.
4. Önnur mál.

1. Fréttir af vorkundi.

Skólameistari sagði frá fundi með ráðuneytismönnum en þar var rætt um áherslur og markmið í starfi skólans. Á fundinum kom fram að nemendaígildum fjölgar um 32 og verða því 940 sem er í samræmi við þann fjölda sem verið hefur í skólanum. Rekstur skólans er í jafnvægi.

2. Skólasamningur.

Skólameistari sagði frá gerð skólasamnings sem verður birtur á vef ráðuneytisins.

3. Útboðsmál.

Skólameistari sagði frá því að skólinn mun bjóða ræstingar og rekstur mótuneytis út í vor. Það verður gert í samvinnu við Ríkiskaup sem býður verkin út. Verið er að skoða umhverfis- og manneldisstefnu skólans í tengslum við útboðin en skólinn stefnir að því að fá Grænfánann og er Heilsueflandi framhaldsskóli. Samþykkt að tekið verði tillit til stefnu skólans í umhverfis- og manneldismálum við útboðin.


4. Önnur mál.

- a) Rætt um notkun munntóbaks og reykingar við skólann en eitthvað virðist hafa dregið úr reykingum.
- b) Guðlaug Pálsdóttir aðstoðarskólameistari verður í námsleyfi næsta vetur. Enn er ekki ljóst hvort Ólafur Jón Arnbjörnsson skólameistari snýr aftur úr leyfi sínu næsta haust.
- c) Hjálmar spurði um lýsingu á útilistaverki. Málið er í skoðun.
- d) Stærðfræðikeppni fyrir grunnskólanemendur á Suðurnesjum verður í skólanum 16. mars.

e) Ráðuneytið er búið að auglýsa eftir verkefnisstjórum til að hafa umsjón með aðgerðum ríkisvaldsins vegna skólamála á Suðurnesjum.

f) Tíu manns eru á námskeiði í suðu í samvinnu við Vinnumálastofnun. Aðrir 10 eru í nýu vikna námi fyrir unga atvinnuleitendur.

Fleira ekki gert og fundi slitið.


Guðmann Kristþórsson,
fundarritari